STJÓRNARTÍÐINDI B 56 - 1989

1. ágúst 1989 745 Nr. 384

REGLUGERÐ

um breytingu á byggingarreglugerð nr. 292, 16. maí 1979.

1. gr.

1.7. orðist svo:

Ef, eða að svo miklu leyti sem ekki eru í reglugerð þessari ákvæði varðandi hönnun bygginga, byggingarefni, öryggi bygginga, burðarþol, lagnakerfi, hollustuhætti, tákn og skilgreiningar, skulu ákvæði staðla sem Iðntæknistofnun Íslands gefur út á hverjum tíma, gilda sem lágmarksákvæði þar sem það á við.

Á þeim sviðum sem staðlar Iðntæknistofnunar taka ekki til gilda norrænir staðlar og ISO-staðlar.

Þegar sérstaklega stendur á er heimilt að víkja frá ákvæðum gildandi staðla ef byggingarfulltrúa er gerð full grein fyrir frávikum og hann staðfestir að fengnum viðhlítandi gögnum að kröfum reglugerðarinnar sé eftir sem áður fullnægt.

Eftirtaldir staðlar gilda sem lágmarksákvæði þar sem þeir eiga við:

ÍST 10, I og II hl.	Steinsteypa.
ÍST 12.1	Eigið álag byggingarefna
ÍST 12.2	Notaálag
ÍST 12.3	Vindálag
ÍST 12.4	Snjóálag
ÍST 12.9	Álagsstuðlar
ÍST 13	Jarðskjálftar, álag og hönnunarreglur
ÍST 64	Tákn fyrir hreinlætis-, hita- og loft ræsilagnir
ÍST 65	Frárennslislagnir - plastlagnir
ÍST 66	Varmatapsreikningar bygginga og byggingarhluta
ÍST 66.1	Kólnunartölur
ÍST 67	Vatnslagnir
ÍST 68	Frárveitulagnir í húsum
ÍST 69.1	Ofnar fyrir miðstöðvar- og hitakerfi Hluti I - Stálofnar
ÍST 117	Raflagnatákn

Eftirtaldir íslenskir staðlar skulu vera leiðbeinandi við hönnun bygginga:

ÍST 9, I og II hl.	Sement
ÍST 14	Þolreikningar bentrar steinsteypu
ÍST 20	Mátkerfi
ÍST 20.1	Byggingarmát
ÍST 20.2	Hönnunarmát
ÍST 21	Salarhæð
ÍST 22	Innréttingar
ÍST 40	Gluggar úr tré
ÍST 41	Gluggaefni og gæðakröfur
ÍST 44	Einangrunargler, gæði og prófanir
ÍST 50	Flatarmál og rúmmál bygginga, sbr. leiðbeiningar og reiknidæmi 1987
ÍST 51	Byggingarstig húsa

B 55

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

2. gr.

1.8. fellur burt.

3. gr.

1.9. fellur burt.

4. gr.

1.11. orðist svo:

Á þeim sviðum og að því leyti, sem staðlar taka ekki til, skal við hönnun og framkvæmdir höfð hliðsjón af Rb-blöðum og öðrum sérritum sem Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins gefur út, eftir því sem við á.

5. gr.

2.2.2. orðist svo:

Byggingarnefnd skal skipuð 3, 5 eða 7 aðalmönnum og jafnmörgum varamönnun, sjá þó 2.3.2. Um kosningu byggingarnefndar fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga, sbr. VI. kafla laga nr. 8/1986.

6. gr.

2.4.9. orðist svo:

Bæjarstjórn getur falið bæjarráði að afgreiða fundargerðir byggingarnefndar á þeim árstíma, sem bæjarstjórnarfundir eru ekki haldnir, sbr. VI. kafla laga nr. 8/1986. Borgarstjórn Reykjavíkur getur með sama hætti falið borgarráði fullnaðarafgreiðslu á fundargerðum byggingarnefndar. Sama vald hefur og hreppsnefnd, þar sem hreppsráð hefur verið kosið.

7. gr.

2.5.3. orðist svo:

Sveitarstjórn skal setja byggingarfulltrúa erindisbréf að fengnum tillögum byggingarnefndar, og gera við hann skriflegan ráðningarsamning.

8. gr.

2.5.9. orðist svo:

Byggingarfulltrúi er framkvæmdastjóri byggingarnefndar. Hann tekur við umsóknum um byggingarleyfi og öðrum erindum til byggingarnefndar og undirbýr fundi nefndarinnar og mál, sem þar verða lögð fram. Hann gengur úr skugga um að byggingaruppdrættir séu í samræmi við skipulag, aðrar reglur og lög um byggingarmál, s.s reglugerð um brunavarnir, heilbrigðisreglugerð, öryggisreglur og uppfylli kröfur um aðgengi fatlaðra. Byggingarfulltrúi skal ráðfæra sig við starfsmenn brunamála eftir þörfum og veita þeim nauðsynlega aðstoð og upplýsingar.

9. gr.

3.1.8. orðist svo:

Ekki má leyfa byggingar á svæðum þar, sem vitað er, að tjón hafi orðið af snjóflóði. Sama gildir um staði þar sem vitað er um að tjón hafi orðið af völdum skriðufalla, grjóthruns, flóða eða af völdum annarra náttúruhamfara. Sé um sprungusvæði eða hverasvæði að ræða, skal þess vandlega gætt að byggja ekki ofan á sprungum eða of nálægt hverum. Veita má undanþágu frá þessu ákvæði ef gerðar eru öryggisráðstafanir sem byggingarnefnd og trúnaðarverkfræðingur Viðlagatrygginga meta gildar.

10. gr.

3.3.1. orðist svo:

Skylt er að láta byggingarfulltrúa í té sérteikningar í mkv. 1:50, m.a. af frágangi þaka og sérfrágangi þeirra, svo sem við brúnir og kanta, ennfremur af frágangi útloftaðra útveggjaklæðninga, niðurhengdum loftum og af raufum og götum fyrir lagnir, sbr. Rb-blöð nr. (26) og (27).

11. gr.

3.3.2. orðist svo:

Skylt er að láta byggingarfulltrúa í té burðarþolsuppdrætti, þar sem gerð er nákvæm grein fyrir burðarvirkjum byggingar eða mannvirkis. Burðarþolsuppdráttum skulu fylgja útreikningar á burðarþoli byggingar. Bæði uppdrættir og útreikningar skulu vera í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar og eru háðir samþykki byggingarfulltrúa.

Sé um sérstök eða vandasöm burðarvirki að ræða getur byggingarfulltrúi krafist þess, að annar aðili en hönnuður, sem byggingarfulltrúi viðurkennir, fari yfir og samþykki útreikninga og burðarþolsuppdrætti á kostnað byggingarleyfishafa.

12. gr.

3.4.9. orðist svo:

Ákvæði byggingarreglugerðarinnar gilda um verksmiðjuframleidd hús og málmgrindahús eftir því sem við á, m. a. þarf iðnmeistari sá , er annast uppsetningu hússins, að undirrita yfirlýsingu um ábyrgð sína. Seljandi ber ábyrgð á göllum á verksmiðjuframleiddum húsum eftir almennum reglum.

Þegar um er að ræða innflutning verksmiðjuhúsa (einingar- eða málmgrindarhús) skulu byggingarfulltrúar og byggingarnefndir krefja hlutaðeigandi innflytjendur um vottorð frá Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins eða öðrum óháðum aðila sem byggingarfulltrúi viðurkennir, um að þau standist þær gæðakröfur sem gerðar eru samkvæmt gildandi byggingarlögum og byggingarreglugerð.

13. gr.

3.5.4. orðist svo:

Hönnuður aðaluppdrátta skv. 3.5.1. skal undirrita þá eigin hendi og ber hann fulla ábyrgð á að þeir séu í samræmi við skipulag, lög og reglugerðir. Hann skal einnig annast samræmingu séruppdrátta eftir því sem ástæður krefjast hverju sinni nema öðrum hæfum aðila sé falið það verk.

Sá sem gerir burðarþolsteikningar og aðrar sérhlutateikningar skal undirrita þær eigin hendi og bera fulla ábyrgð á að viðkomandi mannvirki standist þær kröfur sem til þess eru gerðar samkvæmt reglugerð þessari, enda hafi verið fylgt að fullu uppdráttum hans, verklýsingum og skriflegum fyrirmælum.

14. gr.

3.5.6. orðist svo:

Varðveita skal a.m.k. eitt eintak af öllum samþykktum uppdráttum byggingarmannvirkja (aðaluppdráttum og séruppdráttum) í skjalasafni byggingarfulltrúa sem ljósrit eða örfilmu.

Áritaðir uppdrættir skulu jafnan vera aðgengilegir á byggingarstað meðan á byggingu stendur.

15. gr.

3.5.7. fellur burt.

16. gr.

4.4.4. orðist svo:

Rafvirkjameistari ber m.a. ábyrgð á uppsetningu kynditækja og á eldvarnarbúnaði að því er verksvið hans varðar og á hverskonar raflögnum, sbr. reglugerð nr. 264/1971 um raforkuvirki og sérreglugerðir einstakra rafveitna.

17. gr.

4.4.5. orðist svo:

Blikksmíðameistari, sem áritað hefur uppdrátt ber m.a. ábyrgð
á þakrennum og niðurföllum bæði frá þökum og svölum,
á læstum eða lóðuðum þunnplötuklæðningum,
á lögnum er varða loftveitukerfi bæði sjálfdragandi og vélrænu,
á lögnum lofthitakerfa að því er varðar hans starfssvið,
á að gengið sé frá stjórnbúnaði loftveitukerfa og
á eldvarnarlokum loftveitukerfa.

Aðrir meistarar bera ábyrgð hver á sínu sviði eftir því sem við á. Þannig ber t.d. járnsmíðameistari ábyrgð á málmgrindahúsi á sínu verksviði, o.s.frv.

Iðnmeistarar skulu sækja um viðurkenningu byggingarnefndar sbr. 4.1.

18. gr.

4.4.6. orðist svo:

Ef ágreiningur verður um starfssvið iðnmeistara við tiltekið verk, sker byggingarfulltrúi úr, en skjóta má úrskurði hans til félagsmálaráðuneytisins.

19. gr.

4.11. orðist svo:

Hlutaðeigandi byggingarmeistarar eða byggingarstjórar skulu með minnst sólarhrings fyrirvara tilkynna byggingarfulltrúa um úttektir á eftirfarandi byggingarstigum:

1. Jarðvegsgrunni, áður en byrjað er á mótauppslætti, eða fyllingu á slíkan grunn.
2. Undirstöðuveggjum.
3. Lögnum í grunni, þ.m.t. rör fyrir rafmagnsheimtaug áður en hulið er yfir.
4. Raka- og vindvarnarlögum.
5. Grunni, áður en botnplata er steypt.
6. Járnalögnum.
7. Grind, bitum og þaki, áður en klætt er.
8. Frágangi á ystu klæðningu þaka, bæði úr timbri og öðrum efnum.
9. Frágangi á ystu klæðningu veggja.
10. Hita- og hljóðeinangrun.
11. Vatns-, frárennslis-, hitalögnum og einangrun þeirra.
12. Tækjum og búnaði loftræsi- og lofthitunarkerfa og stokklögnum fyrir slíkan búnað.
13. Lokaúttekt, þegar hús er fullbúið varðandi frágang allan þ.á.m. brunavarnir, sbr. 1.1.7. í brunamálareglugerð.

20. gr.

4.13. orðist svo:

Þegar um er að ræða stórhýsi eða meirihátta mannvirki getur byggingarfulltrúi krafist þess að byggjandi ráði sér sérstakan eftirlitsmann sem byggingarfulltrúi viðurkennir. Einnig getur byggingarfulltrúi krafist þess að hlutaðeigandi hönnuðum sé falið að annast eftirlit með ákveðnum hlutum verks, ef um sérstaklega flókin eða vandasöm verk er að ræða.

21. gr.

4.14. orðist svo:

Byggingarfulltrúa er heimilt að fella niður úttekt á einstökum verkþáttum hjá iðnmeisturum sem starfað hafa í umdæmi hans í a.m.k. þrjú ár samfellt með sérlega góðum árangri. Þó er ekki heimilt að fella niður lokaúttekt byggingar, sbr. 4.11. tl. 13.

22. gr.

5.4.1. orðist svo:

Ef byggingarnefnd telur, að ekki verði komið fyrir á lóð nægilegum bifreiðastæðum, getur hún heimilað, að fyrir slíku verði séð annars staðar í sama hverfi, sbr. 4.3.8. í reglugerð nr. 318/1985. Jafnan skal þó þar sem aðstæður leyfa séð fyrir a.m.k. einu bílastæði á lóð hússins eða í húsinu er henti fötluðum.

23. gr.

5.13.2. orðist svo:

Ef byggingarnefnd þykir sérstök ástæða til, getur hún bundið byggingarleyfi því skilyrði, að gengið verði frá húsi að utan með tilteknum hætti, t.d. með ákveðinni klæðningu eða tilteknum lit á útveggjum og þökum.

24. gr.

6.1.1. orðist svo:

Íbúðir skulu þannig hannaðar, að þær snúi vel við sól og henti sem best til íbúðar. Á teikningum skal gerð grein fyrir væntanlegri innréttingu og hvernig unnt sé að koma fyrir nauðsynlegustu húsgögnum á hagkvæman hátt. Í hverri íbúð skal vera læsanlegur skápur fyrir lyf og önnur hættuleg efni.

Til þess að vistarvera teljist lögleg íbúð skal þar vera, auk íbúðarherbergis, er sé að minnsta kosti 18 m2 að stærð, eldhús, baðherbergi, salerni og geymsla. Í fjölbýlishúsum með 6 íbúðum eða fleiri skal a.m.k. ein íbúð á jarðhæð hönnuð þannig, að hún henti þörfum hreyfihamlaðra.

25. gr.

6.3.6. orðist svo:

Í íbúðum á jarðhæð og í öðrum íbúðum, sem ætlað er að fullnægja kröfum fyrir hreyfihamlaða, skulu allar hurðir vera a.m.k. 0.9 m breiðar, og þannig úr garði gerðar að fólk í hjólastól geti opnað þær. Slíkar íbúðir skulu ekki hafa hærri þröskulda en 25 mm, og að öðru leyti hannaðar í samræmi við reglur í Rb-blöðum nr. E2 101 og 201.

26. gr.

Nýr liður 6.3.11. orðist svo:

Í byggingum þar sem um stóra glerfleti er að ræða í þökum, eða þar sem byggt er yfir göngugötur eða torg, skal nota plastefni eða öryggisgler sem Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins eða önnur óháð rannsóknarstofnun viðurkennir. Undanþegin ákvæði þessu eru gróðurhús, sem eingöngu eru notuð til ræktunar.

27. gr.

6.4.5. orðist svo:

Í íbúðum á jarðhæð, sem ætlað er að fullnægja kröfum fyrir hreyfihamlaða, svo og í öðrum íbúðum, sem ætlað er að fullnægja þessum kröfum, skulu salerni og baðherbergi hönnuð í samræmi við reglur í Rb-blaði nr. E2 201. Aðkoma að þesskonar íbúðum og innrétting skal vera þannig hönnuð, að þær henti fólki í hjólastól, sbr. Rb-blöð nr. E2 101 og 201.

28. gr.

6.10.1.5. orðist svo:

Séu lyftur í opinberum byggingum eða þjónustumiðstöðvum, skal a.m.k. ein þeirra vera þannig hönnuð, að henti hreyfihömluðu fólki í hjólastól.

29. gr.

6.10.2.7. orðist svo:

Í samkomuhúsum, leikhúsum, veitingahúsum og kvikmyndahúsum skal jafnan gert ráð fyrir a.m.k. einu salerni, handlaug og þvagstæði fyrir karla og einu salerni og handlaug fyrir konur, miðað við hverja 50 gesti. Að öðru leyti skal miða við kröfur heilbrigðisreglugerðar í þessu efni. Jafnan skal í slíkum húsum vera a.m.k. eitt salerni, er henti hreyfihömluðu fólki í hjólastól, sbr. Rb nr E2 201.

Sama á við um opinberar byggingar, skrifstofur og aðra vinnustaði þar sem starfa 10 manns eða fleiri.

30. gr.

6.10.4. orðist svo:

Sumarhús, veiðihús og önnur áþekk hús.

6.10.4.1. orðist svo:

Sumarbústaðir eða sumarhús eru samkvæmt reglugerð þessari hús, sem aðeins eru ætluð til samfelldrar dvalar að sumri til, en á öðrum árstímum aðeins til styttri dvalar, t.d. yfir helgar.

6.10.4.2. orðist svo:

Ekki má reisa sumarhús, né önnur áþekk hús nema þar sem skipulag ákveður. Um skipulagningu sumarbústaðahverfa gilda ákvæði 4.3.7. í skipulagsreglugerð nr. 318/1985.

Nú er skipulag ekki fyrir hendi og getur byggingarnefnd þá gefið leyfi fyrir einstökum sumarbústöðum eða áþekkum húsum enda liggi fyrir umsögn frá viðkomandi jarðanefnd, heilbrigðisnefnd og náttúruverndarnefnd, ásamt samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar og skipulagstjórnar ríkisins, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 19/1964.

6.10.4.3. orðist svo:

Sumarbústaðalönd skulu að jafnaði ekki vera minni en 2500 m2, nema í sumarbústaðahverfum, þar sem gert er ráð fyrir rúmgóðum opnum svæðum til almenningsþarfa, þar þurfa lóðir ekki að vera stærri en 2000 m2, en það telst sumarbústaðahverfi þar sem saman eru 3 bústaðir eða fleiri.

Þar sem sérstaklega stendur á er með samþykki skipulagsyfirvalda heimilt að víkja frá ákvæðum þessarar greinar í deiliskipulagi.

6.10.4.4. orðist svo:

Sækja skal um leyfi til að byggja sumarbústaði og önnur áþekk hús til hlutaðeigandi byggingarnefnda og skulu uppdrættir gerðir í samræmi við ákvæði III. kafla byggingarreglugerðar eftir því sem við á.

Sumarbústaðir skulu þannig staðsettir að þeir séu ekki nær lóðamörkum en 10 m, ekki nær sjó, ám og vötnum en 50m, og ekki nær þjóðbraut eða sýsluvegi en 100 m.

Þar sem sumarbústaðalóðir liggja að sjó, ám eða vötnum skal jafnan vera a.m.k. 10 m. breið spilda ógirt þar sem frjáls umferð er fyrir fótgangandi. Á spildu þessari er heimilt að leyfa að byggja bátaskýli enda hindri það ekki umferð gangandi eftir bakkanum.

Á mæliblaði í mkv 1:500 skal sýna stærð og legu lóðar, skipulag hennar og staðsetningu bústaðarins. Á afstöðuuppdrætti eða loftmynd í mkv. 1:2000 eða 1:5000, skal eftir því sem við á gerð grein fyrir byggingum og notkun lands í næsta nágrenni. Ennfremur skal gera grein fyrir aðkomu frá þjóðbraut, sýsluvegi eða einkavegi. Tilgreina skal nafn á vegi þeim sem bústaðurinn stendur við og númer á viðkomandi lóð til skilgreiningar við fasteignaskráningu og þinglýsingu. Ennfremur nafn á hverfinu þegar um sumarbústaðahverfi er að ræða. Hafi vegur sá sem húsið stendur við ekki þegar hlotið nafn þegar sótt er um byggingarleyfi, ber bygginganefnd að gefa viðkomandi götu nafn og lóðinni númer áður eða um leið og hún veitir leyfið. Slíku götunafni og lóðanúmeri er óheimilt að breyta nema með sérstöku leyfi frá sveitarstjórn og þinglýsingardómara.

Sé ekki um neinn aðkomuveg að ræða (fjallaskálar, sæluhús, o.þ.h.) skal gefa húsinu nafn sem nota skal við fasteignaskráningu og þinglýsingu.

Á afstöðuuppdrætti skal gera grein fyrir skipulagi lóðar, öflun drykkjarvatns, fyrirkomulagi frárennslis, staðsetningu rotþróar sem skal vera af viðurkenndri gerð, en hún má ekki vera nær lóðamörkum en 10 m. Ennfremur skal gera grein fyrir frágangi girðinga þar sem þær eru leyfðar, skjólbeltum og gróðri, leiktækjum, sorpgeymslu, olíugeymi, hitaveitu, síma, boðveitu, rafveitu og hitaveitu eftir því sem við á hverju sinni. Gera skal ráð fyrir a.m.k. tveim bílastæðum á hverri lóð, nema gert sé ráð fyrir þeim á öðrum stað í skipulagi hverfisins.

6.10.4.5. orðist svo:

Fyrir hvert sumarbústaðahverfi skal gera byggingar- og skipulagsskilmála og leggja þá fyrir byggingarnefnd til samþykktar. Þar skal m.a. kveðið á um hámarksstærð húsanna, hæð og mænisstefnu, þakform, þakhalla og þakhæð, lit húsa og þaka, gerð skjólbelta og girðinga, frágang sorpgeymslna, bifreiðastæða og bifreiða - og bátaskýla þar sem þau eru leyfð. Í skilmálunum skal kveða á um hvernig deila skuli kostnaði við gerð og viðhald vega og stíga, ræktun og gróðursetningu á sameiginlegum svæðum svo og kostnaði og viðhaldi við aðrar sameiginlegar tæknilegar framkvæmdir fyrir sumarbústaðahverfið, s.s. sameiginlegar girðingar, hlið, rimlahlið og girðingatröppur, leiksvæði, leiktæki, vatnsveitu, skólpveitu, hitaveitu, boðveitu, rafveitu og annað eftir því sem við á og sem meiri hluti sumarbústaðaeigenda kann að ákveða. Ennfremur hvernig staðið skuli að viðhaldi þessara sameiginlegu mannvirkja og hvernig þeim kostnaði skuli skipt. Hafa skal hliðsjón af lögum nr. 59/1976 eftir því sem við á. Þá skal kveðið á um hvernig staðið skuli að sorphirðu og hvernig kostnaði við hana skuli skipt.

6.10.4.6. orðist svo:

Sumarbústaðir skulu gerðir úr timbri eða öðru léttu efni. Skulu veggir og þök a.m.k. vera B 30. Þar sem sérstaklega stendur á má heimila þá úr öðru efni. Að jafnaði skulu sumarbústaðir vera á einni hæð. Sumarbústaðir skulu ekki vera stærri en 60 m2 og meðallofthæð ekki minni en 2.20 m. Vegghæð skal mest vera 3.0 m, en hæð mænis frá jörðu mest 4.5 metrar.

Í sumarbústaðahverfum á vegum launþegasamtaka eða starfsmannafélaga skal a.m.k. einn bústaður hverra samtaka eða starfsmannafélaga hannaður þannig að hann henti hreyfihömluðum. Í hverjum bústað skal vera hreinlætisaðstaða sem uppfyllir kröfur heilbrigðisreglugerðar.

6.10.4.7. orðist svo:

Sé rafmagn í sumarhúsi skal vera lekastraumrofi á raflögnum og höfuðrofi á lögn. Sé um eldstæði að ræða skal gætt ákvæða rgl. nr. 269/1978.

Í öllum sumarbústöðum skal vera til staðar reykskynjari og handslökkvitæki af viðurkenndri gerð og stærð.

Á a.m.k. einu herbergi í hverjum bústað skal vera opnanlegur gluggi, er fullnægi kröfum um stærð björgunaropa (0.45 m2), sbr. brunamálareglugerð. Ef svefnloft er yfir hluta húss, skal þar einnig vera opnanlegur gluggi sem fullnægi kröfum um björgunarop hvað stærð snertir.

6.10.4.8. orðist svo:

Um sæluhús, fjallaskála, veiðihús, skíðaskála, svefnskála, vinnubúðir, leitarkofa, björgunarskýli o.þ.h. hús, gilda ákvæði byggingarreglugerðar eftir því sem við á.

6.10.4.9.

Sumarbústaðir, þar með talin staðbundin hjólhýsi sem eigendur óska að leigja út skulu uppfylla lágmarkskröfur heilbrigðisreglugerða um hreinlætisaðstöðu.

Heilbrigðisfulltrúi getur veitt tímabundna undanþágu frá þessu ef um viðhlítandi hreinlætisaðstöðu er að ræða í nærliggjandi húsi sem gestir hafa aðgang að.

Heilbrigðisfulltrúi skal taka út rotþrær áður en þær eru teknar í notkun og setja reglur um tæmingu þeirra.

31. gr.

6.10.5.6. orðist svo:

Þegar sótt er um byggingu verksmiðjuhúsa, frystihúsa, fiskimjölsverksmiðja o.þ.h. húsa, skal jafnan leita umsagnar brunamálastjóra, Hollustuverndar ríkisins, Rafmagnseftirlits ríkisins og Vinnueftirlits ríkisins.

32. gr.

6.10.6.4. orðist svo:

Þegar sótt er um byggingu húsa vegna landbúnaðar, skal jafnframt gerð grein fyrir vatnsbóli, aðkomu, rafmagni, frárennsli og rotþróm eftir því sem ástæða er til. Sama á við um fiskeldisstöðvar, gróðurhúsabýli, og önnur smábýli. Áburðargeymslur og peningshús þ.m.t. loðdýrabú, alifuglabú og svínabú má ekki reisa nær vatnsbóli en 100 m og ekki nær mannabústöðum, annarra en sjálfs búsins, en sem nemur 300 m, sbr. rgl. nr. 451/1985 og rgl. nr. 130/1988.

33. gr.

6.10.7.3. orðist svo:

Birgðageymslur fyrir sprengiefni, eiturefni, lýsi, gas, olíu, bensín o.þ.h. vörur, eru ávallt háðar samþykki skipulagsstjórnar ríkisins, Brunamálastofnunar ríkisins, Hollustuverndar ríkisins og Siglingamálastofnunar ríkisins, sbr. rgl. nr. 560/1982.

34. gr.

7.1. orðist svo:

Jarðvegur og undirstöður.

7.1.1. orðist svo:

Hús og önnur byggingarmannvirki skulu jafnan gerð úr haldgóðum og hentugum byggingarefnum, sem þola íslenskt veðurfar og þá áraun, sem ætla má, að húsið eða byggingarmannvirkið verði fyrir. Ennfremur skal tryggt, að framkvæmdir séu með tæknilegum og faglega fullnægjandi hætti.

7.1.2. orðist svo:

Á meðan á byggingarframkvæmdum stendur skal tryggt að stöðugleiki burðarvirkja sé ávallt fullnægjandi og að ekki verði skaðleg áhrif af völdum veðurs. Bráðabirgðamannvirki, s.s. steypumót, vinnupallar, stoðir, afstífingar o.s.frv. skulu hafa fullnægjandi styrk. Við byggingarframkvæmdir skal gæta ítrustu öryggissjónarmiða, einkum er varðar hættu á, að fólk geti fallið út af vinnupöllum eða þökum eða stigið gegnum þakklæðningar.

7.1.3. orðist svo:

Byggingarefnasölum er skylt að láta gæðaprófa efni, tæki og byggingarhluta, er þeir bjóða til sölu, eða leggja fram vottorð um slíka prófun. Gæðaprófanir skulu gerðar af óháðri rannsóknastofnun, sem byggingarfulltrúi viðurkennir.

Efni, tæki og byggingarhlutar, sem hlotið hafa a.m.k. þriggja ára góða reynslu hér á landi þegar reglugerð þessi tekur gildi, falla ekki undir þessi ákvæði.

7.1.4. orðist svo:

Undirstöður skulu ná niður á frostfrítt dýpi, (1.2 m niður fyrir endanlegt jarðvegsyfirborð við útveggi) eða frostþolið fyllingarefni og burðarhæfan jarðveg. Þær skulu hannaðar og byggðar þannig, að ekki geti orðið tjón af völdum hreyfinga í jarðveginum, t.d. vegna sigs eða frostlyftinga. Á jarðskjálftasvæðum skal sérstaklega tekið tillit til þeirra skjálftahreyfinga, sem verða í jarðveginum. Minnsta breidd undirstaða sé 200 mm og skulu þær ganga minnst 300 mm niður fyrir efri brún botnplötu.

7.1.5. orðist svo:

Ef grunnstæði er gott, getur byggingarfulltrúi leyft, að undirstöður hvíli beint á frostþolnum jarðvegi eða þjappaðri fyllingu. Ef undirstöður eiga að hvíla á fyllingu, skal burðarþolshönnuður leggja fram fullnægjandi gögn um, að burðarþolsprófun, sem byggignarfulltrúi metur gilda, hafi staðfest, að fyllingin þoli þá áraun, sem henni er ætlað að þola eða að mannvirkið sé þannig hannað, að það þoli þær hreyfingar, sem eru áætlaðar skv. jarðtæknilegri rannsókn.

7.1.6. orðist svo:

Á uppdrætti af undirstöðum skal rita hvert er nafnálag á undirstöðujarðveg. Við mat á nafnálagi skal þess gætt, að ekki sé burðarminni jarðvegur dýpra.

7.1.7. orðist svo:

Þegar um stórhýsi eða meiriháttar byggingu er að ræða eða þar sem leikur vafi á burðarþoli undirstöðujarðvegs, getur byggingarfulltrúi krafist, að framkvæmd verði sérstök jarðtæknileg rannsókn á sigeiginleikum og styrkleika jarðvegs.

Ef byggt er upp að húsi, skal þess gætt að undirstöður hússins, sem fyrir er, raskist ekki og getur byggingarfulltrúi krafist þess, að gerðar séu sérstakar ráðstafanir vegna þess.

Undirstöður skulu vera úr steinsteypu og skal þykkt þeirra valin í samræmi við burðarþol jarðvegs og það álag, sem þær eiga að flytja.

7.1.8. orðist svo:

Þar til fyrir liggja staðlar um grundun og ekki eru gerðar sérstakar rannsóknir á burðarþoli, né sýnt fram á að annað sé réttara, skal nota eftirfarandi töflu fyrir leyfilegt meðalálag á grunn:

Tegund grunns:	Mesta grunnálag: t/m2	MN/m2
Klöpp	80–200	0.8 –2.0
Móhella	30–80	0.3 –0.8
Leir, þurr og fastur	15–20	0.15–0.20
Leir, laus	7–15	0.07–0.20
Leir, mjúkur	3	0.03

7.1.9. orðist svo:

Fyrir möl, sand, fínan sand og siltur fer leyfilegt álag eftir hæð grunnvatnsyfirborðs, breidd undirstöðu og jarðvegsdýpt við undirstöðu.

$$\eth m = B.N\ (1 - B/3L) < \eth m\ max^{*}$$

(* sjá aftasta dálk í töflu)

B = Breidd undirstöðu í m
L = Lengd undirstöðu í m
N = Tölugildi, sbr. töflu.

Jarðvegur	H1) m	N(t/m3) D2) om	lm	>2m	Hámarks-þrýstingur ommax
Möl og grófur sandur	0	17	25	29	60
(kornstærð aðallega 20-2mm)	>2B	27	40	47	
Sandur: Fastur	0	13	19	22	50
(kornstærð aðallega	>2B	20	30	35	
2-0.2mm)	0	8	11	13	30
Laus	>2B	12	18	21	
Fínn sandur	0	10	15	17	40
og siltur: Fastur	>2B	16	24	28	
(kornstærð aðallega	0	4	6	8	20
0.2-0.02mm)	>2B	7	10	12	

1) H merkir minnstu dýpt grunnvatnsyfirborðs undir botni undirstöðunnar. Ef hæsta grunnvatnsyfirborð er fyrir ofan undirstöðubotn, reiknast H=0. Fyrir gildi á milli 0 og B finnst N í beinu hlutfalli.

2) D merkir minnstu jarðvegsdýpt niður að undirstöðusóla. Fyrir milligildi á D finnst N í beinu hlutfalli.

7.1.10.

Þegar um er að ræða þjappaðar fyllingar undir undirstöður, má nota töflu 7.1.9. enda séu hámarksgildin í töflunni lækkuð um 30%.

Við mat á leyfilegu grunnálagi skal þess gætt, að ekki sé burðarminni jarðvegur dýpra.

Á uppdrátt af undirstöðum skal rita álag á grunn í MN/m2.

35. gr.

7.2. orðist svo:

Efni og burðarvirki.

7.2.1. orðist svo:

Burðarvirki bygginga og annarra mannvirkja skulu reiknuð og hönnuð þannig, að þau geti örugglega staðist það álag, bæði stöðufræðilegt og hreyfifræðilegt (statiskt og dynamiskt), sem þau kunna að verða fyrir.

7.2.2. orðist svo:

Ef búast má við, að mannvirki geti orðið fyrir óvenjulegu ytra eða innra álagi, getur byggingarfulltrúi krafist sérstakra útreikninga.

7.2.3. orðist svo:

Þess skal gætt, að svignun og niðurbeygjur burðarvirkja séu innan hæfilegra marka. Þess skal ennfremur gætt, að svignun burðareininga valdi ekki skemmdum á öðrum byggingarhlutum.

7.2.4. orðist svo:

Eftirfarandi kröfur gilda um hámarkssvignun burðarvirkja:

1. Þök, milligólf og útveggir.
   a) Heildarálag . . . . . Umax=L/200
   b) Hreyfanlegt álag
      i) þar sem strangar kröfur eru gerðar til útlits og stífleika, (t.d. gólfplötur með léttum innréttingum, milligólf) . . . . . Umax=L/500
      ii) fyrir múrhúðuð eða plötuklædd loft . . . . . Umax=L/400
      iii) þar sem útlit og svignun skipta minna máli, t.a.m. í vörugeymslum og verkstæðum . . . . . Umax=L/300
2. Útkragaðir byggingarhlutar fyrir heildarálag . . . . . Umax=L/150
3. Þar sem því verður við komið, skulu yfirhæðir láréttra byggingarhluta vera U=UG+UN/2, þar sem UG er svignun vegna fasts álags (eigin þungi) og UN er svignun vegna hreyfanlegs álags.

Skýringar:

U = svignun
Umax = hámarkssvignun
L = haflegnd burðareiningar (spennuvídd).

7.2.5. orðist svo:

Um timbur sem nota á í burðarvirki gilda norrænir staðlar og ISO-staðlar.

7.2.5.1. orðist svo:

Ekki má nota óvarið timur í burðarvirki þar sem rakastig lofts getur iðulega farið yfir 20% í RF. Í slíkum tilfellum skal nota gegnvarið timbur.

7.2.5.2. orðist svo:

Minnstu kröfur eru að timbrið sé ekki lakara en kveðið er á í V. flokki „kvinta“, en V. flokkur jafngildir sem næst „Ö-virki“ á Norðurlöndum.

7.2.5.3. orðist svo:
Timbrið má ekki vera gegnumsprungið eða innihalda greinilegan týrvið. (Týrviður myndast ef tré verður fyrir áverka í vexti og harpix leitar í sárið, slíkur viður einkennist jafnan af miklu harpixhlaupi og umviði, óreglulegur vöxtur, óregluleg sveipmyndun í viðjartrefjum). Langsum trefjahalli má ekki vera meiri en 1:5.

7.2.5.4. orðist svo:
Kvistur í kanthlið (mjófleti þversniða), má ekki vera yfir 80% af breidd kantsins. Í minni þversniðum en 50x100 mm, má kvistastærð ekki vera yfir 50% af breidd kants eða flatar.

7.2.5.5. orðist svo:
Ef timbrið uppfyllir ofangreindar kröfur, má reikna með eftirfarandi efnisstyrk í MPa:

Beygjustyrkur	$\sigma b = 11.0$
Þrýstistyrkur	$\sigma t = 10.0$
Togstyrkur	$\sigma s = 5.0$
Skerstyrkur	$r = 1.5$
Svignunarstuðull	$E = 7000.0$

Efnisstyrk má auka um 10% og svignunarstuðul um 20% fyrir ása, gólfbita og veggstoðir, ef millibil þeirra er < 600 mm og ef álag dreifist jafnt, t.d. vegna klæðningar (borðaklæðning).

7.2.5.6. orðist svo:
Við útreikninga á svignun timburvirkja er heimilt að taka tillit til samverkunar 4ra eða fleiri burðarbita, ef millibil þeirra er 600 mm.

7.2.5.7. orðist svo:
Samverkun burðarbita telst fullnægjandi, ef þeir eru þéttklæddir að ofan eða neðan með mótaborðum, 10 mm þykkum, vatnsþolnum, trjákenndum plötum eða tilsvarandi og skeyting timburs eða platna er forskotið þannig, að a.m.k. helmingur klæðningarinnar sé heill fyrir sérhvern burðarbita.

7.2.6. orðist svo:
Stál og stálvirki.

7.2.6.1. orðist svo:
Stál skal fullnægja kröfum norrænna staðla eða ISO-staðla.

7.2.6.2. orðist svo:
Stál, sem nota á í burðarvirki, skal verja gegn ryði með galvanhúð, blýmenju eða á annan viðurkenndan hátt. Málmfestingar sem gegna mikilvægu burðarhlutverki, skulu varðar á sama hátt.

7.2.6.3. orðist svo:
Berandi stálvirki skal einangra á fullnægjandi hátt gegn eldi og vísast í því efni til brunamálareglugerðar nr. 269/1978.

7.2.7. orðist svo:
Sement og steinsteypa.

7.2.7.1. orðist svo:
Um sement og steinsteypu gilda íslenskir staðlar, IST 9 og IST 10.

7.2.7.2. orðist svo:
Um steinsteypt burðarvirki gilda auk þess eftirfarandi sérreglur:

7.2.7.2.1. orðist svo:
Í steinsteyptum útveggjum, sem ekki eru varðir með veðurþolnum klæðningum, (múrhúðun telst ekki fullnægjandi), og í öðrum mikilvægum byggingarhlutum, sem eru óvarðir gegn úrkomu og veðurágangi, skal steinsteypan, auk ákvæða gildandi staðla, uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) Steinsteypuefni sé óvirkt fyrir alkalí-kíslil efnabreytingum, eða að þensla þess skv. bandarískum staðli ASTM-C 227 sé minni en 0,05% eftir 6 mánuði, eða minni en 0,1% eftir 12 mánuði. Rannsókn á alkalí-kísilþenslu skal framkvæmd af óháðri rannsóknarstofnun, sem byggingarfulltrúi viðurkennir. (Um alkalí-kísilvirkni steypuefnis vísast til Rb-blaðs nr Eq-005).
b) Steypuefnissala er skylt að láta fara fram athugun á því, hvort efni það, sem hann selur í þessu skyni, fullnægi ofangreindum skilyrðum. Skal hann láta byggingarfulltrúa í té skriflegt vottorð um það frá óháðri rannsóknarstofnun með sérþekkingu á þessu sviði þegar þess er krafist.
Ef efni er tekið úr sjó, skal koma fram á vottorði frá rannsóknarstofnuninni hvort og að hve miklu leyti sé nauðsynlegt að þvo steypuefnið. Byggingarfulltrúi setur skilyrði um hámarksinnihald salts og annarra efna.
c) Ef nauðsynlegt er að þvo steypuefnið eða nota sérstaka tegund af sementi til að skilyrði í lið a) verði fullnægt, skulu sýni, sem send verða til rannsóknar, þvegin á sama hátt og rannsökuð með samskonar sementi.
d) Í útisteypu, sem verður fyrir veðrunaráhrifum, en er að mestu leyti laus við saltáhrif, skal sementsmagn vera a.m.k. 300 kg í hverjum rúmmetra af steypu. Vatnssementstalan (v/s) skal vera minni en 0,55, Loftinnihald skal vera a.m.k. 5% mælt eftir dælingu ef dælt er, en annars rétt fyrir niðurlögn.
e) Í útisteypu, sem verður fyrir miklum veðrunaráhrifum og verulegum saltáhrifum, skal sementsmagn vera a.m.k. 350 kg í hverjum rúmmetra af steypu. Vatnssementstalan (v/s) skal vera minni en 0,45. Loftinnihald skal vera a.m.k. 5% mælt eftir dælingu eða rétt fyrir niðurlögn.

v táknar vatnsmagn mælt í kg í einum rúmmetra af steinsteypu.
s táknar sementsmagn í einum rúmmetra af steinsteypu.

7.2.7.2.2. orðist svo:
Gæðamat sements, steypuefnis og steinsteypu skal framkvæmt eftir því sem þörf krefur, af óháðri rannsóknarstofnun, sem hefur sérþekkingu á viðkomandi sviði. Ef sement fullnægir ekki lágmarkskröfum um gæði skv. gildandi stöðlum, skal það tilkynnt félagsmálaráðuneytinu þegar í stað.

7.2.7.3. orðist svo:
Framleiðsla á steinsteypu.
Steypustöð skal hafa tilskilið rekstrarleyfi skv. ákvæðum gildandi staðla. Leyfið er háð því, að óháð rannsóknarstofnun, sem byggingarfulltrúi viðurkennir, hafi gefið jákvæða umsögn.
Ef steinsteypa uppfyllir ekki skilyrði 7.2.7.1. og 7.2.7.2. skal viðkomandi byggingarfulltrúi banna notkun hennar uns úr hefur verið bætt.

36. gr.

7.5.12.1. orðist svo:

Þök skulu þannig hönnuð og byggð að ekki komi til skaðlegrar rakaþéttingar í þakvirkinu eða á innra byrði þess, sbr. Rb-blað nr. (27). 001.

37. gr.

7.6.6.5. orðist svo:

Byggingarnefnd getur krafist þess að settar verði upp snjógrindur á bröttum þökum tveggja hæða húsa eða hærri sem liggja að gangstétt eða yfir inngöngum þeirra.

38. gr.

7.8.1. orðist svo:

Um atriði varðandi heilbrigðis- og hollustuhætti fer eftir lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti, heilbrigðisreglugerð og ákvæðum annarra reglugerða um heilbrigðismál og hollustuhætti.

39. gr.

8.1.18. orðist svo:

Yfirborðshitastig lagna og leiðslna sem liggja um brennanlegt efni, má ekki vera hærra en 80°C. Verði ekki hjá því komist, að lagnir með hærra hitastig liggi um brennanlegt efni, skal gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir brunahættu, bráðnun eða rýrnun einangrunarefnisins.

40. gr.

Nýr liður 8.1.20.4. orðist svo:

Í fjölbýlishúsum, íbúðarhúsum úr timbri, heimavistum, skólum, sumarbústöðum, sjúkrahúsum, hótelum, elliheimilum, leikhúsum, kvikmyndahúsum, samkomuhúsum og öðrum hliðstæðum byggingum, skulu jafnan vera reykskynjarar eða önnur brunaviðvörunarkerfi sem brunamálastjóri viðurkennir.

41. gr.

8.1.24. orðist svo:

Um brunavarnarkerfi, slökkvibúnað, reykskynjara og önnur viðvörunarkerfi, neyðarlýsingu, björgunarop, sjálflokandi hurðir, reykræstibúnað og neyðarútganga gilda ákvæði brunamálareglugerðar.

42. gr.

8.2.1.34. orðist svo:

Sé stigaop breiðara en 300 mm eða stiginn snúinn, skal handrið vera a.m.k. 1.10 m hátt.

43. gr.

8.2.1.37. orðist svo:

Handrið skal að jafnaði setja beggja megin meðfram útidyratröppum, kjallaratröppum og öðrum tröppum í aðkomuleiðum að húsum. Slík handrið skulu að jafnaði ekki lægri en 900 mm á hæð.

44. gr.

8.2.1.38. orðist svo:

Á veggsvölum skal vera handrið, ekki lægra en 1 m og fer um gerð þess eftir 8.2.1.35, þó má handrið aldrei vera lægra en 1.20 m á 3. hæð húss og ofar. Sé aðalinngangur íbúðar um svalagang skal handrið eigi vera lægra en 1.20 m.

45. gr.

8.2.2.1. orðist svo:

Í opinberum byggingum og skrifstofuhúsum sem eru meira en tvær hæðir og í íbúðarhúsum sem eru meira en fjórar hæðir, skulu vera lyftur. Í íbúðarhúsum sem eru 8 hæðir eða meira skal auk fólkslyftu vera vörulyfta. Við hönnun lyfta skal gætt ákvæða í reglugerð nr. 203/1972.

46. gr.

8.2.2.9. orðist svo:

Við hönnun á lyftum og lyftuhúsum skal gætt rýmisþarfa hreyfihamlaðra, sbr. Rb-E2 101 og 201 og að flytja megi sjúkling í sjúkrakörfu í lyftunni. Minnsta stærð lyftu í fjölbýlishúsum sem eru 5 hæðir eða meir skal vera 1.10 x 1.80 m og breidd dyra 0.80 m. Í opinberum byggingum og skrifstofuhúsum sem eru meir en tvær hæðir skal vera lyfta a.m.k. 1.10 x 1.40 m að stærð og breidd dyra 0.80 m. Stærð lyfta í öðrum byggingum fer eftir aðstæðum og mati byggingarnefndar.

47. gr.

9.3.1. orðist svo:

Þegar smíði húss er að fullu lokið skal byggingarfulltrúi gera lokaúttekt og láta í té vottorð um það þegar húseigandi eða byggingarmeistarar hússins óska þess. Slíkt vottorð má ekki gefa út nema gengið sé úr skugga um, að fullnægt hafi verið öllum tilskildum ákvæðum um gerð og búnað sem krafist er fyrir íbúðarhúsnæði og fyrir hlutaðeigandi starfsemi, sé um atvinnuhúsnæði að ræða.

48. gr.

9.4.2. falli niður.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 4. gr. byggingarlaga nr. 54, 16. maí 1978 öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 1. ágúst 1989.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

3. ágúst 1989 Nr. 385

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 24. júlí 1989 staðfest breytingu á áður staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkur að því er varðar landnotkun á Víkingssvæði (staðgreinireit 1.817.4) sem breytist úr útivistarsvæði í íbúða- og útivistarsvæði.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög mæla fyrir um. Borgastjórn Reykjavíkur hefur samþykkt hana og skipulagsstjórn ríkisins mælt með því að hún verði staðfest.

Félagsmálaráðuneytið, 3. ágúst 1989.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.